

Minnispunktur - Fundur almannavarnanefndar Vesturlands

Fundartími: 24. mars 2023 kl. 11:00 (fundi seinkaði til klukkan 11:25).

Fundarstaður: Lögreglustöðin í Borgarnesi og fjarfundur á Teams.

Lögreglustjórinn á Vesturlandi boðaði til fundarins til þess fara yfir neðangreind málefni.

Mætt voru:

Af hálfu lögreglustjórans á Vesturlandi:	Gunnar Örn Jónsson lögreglustjóri Jón Haukur Hauksson staðgengill lögreglustjóra Jón S. Ólason yfirlögreluþjónn Emil Sigurðsson, aðstoðarsaksóknari
Af hálfu Hvalfjarðarsveitar:	Linda Björk Pálsdóttir
Af hálfu Akraneskaupstaðar:	Steinar Adolfsson
Af hálfu Skorradalshrepps:	Jón Eiríkur Einarsson oddviti
Af hálfu Borgarbyggðar:	Stefán Broddi Guðjónsson sveitarstjóri
Af hálfu Eyja- og Miklaholtshrepps:	
Af hálfu Snæfellsbæjar:	
Af hálfu Grundarfjarðarbæjar:	
Af hálfu Stykkishólms	Jakob Björgvin Jakobsson
Af hálfu Dalabyggðar:	Björn Bjarki Þorsteinsson sveitarstjóri
Af hálfu Slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar:	
Af hálfu Slökkviliðs Borgarbyggðar:	Heiðar Örn Jónsson
Af hálfu Slökkviliðs Dalabyggðar:	Ívar Örn Þórðarson slökkviliðsstjóri
Af hálfu Slökkviliðs Grundarfjarðarbæjar:	
Af hálfu Slökkviliðs Snæfellsbæjar:	
Af hálfu Brunavarna Stykkishólms og nágrennis	Einar Þór Strand slökkviliðsstjóri
Af hálfu Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi	Páll Brynjarsson
Af hálfu almannavarnadeildar RLS	Víðir Reynisson, yfirlögreluþjónn

Lögreglustjórinn á Vesturlandi setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Til fundarins var boðað til að fara yfir eftirfarandi atriði:

1. Kosning formanns
2. Páll Brynjarsson SSV – skipulag almannavarna í öðrum umdæmum og aðkoma sveitarfélaga
3. Handbók AST og staðan á Vesturlandi
4. Viðbragðsáætlun vegna sjóslysa á Breiðfirði
5. Önnur mál

1. Kosning formanns.

Gunnar Örn leggur til að Björn Bjarki Þorsteinsson verði kjörinn formaður. Fundarmenn samþykkja Bjarka sem formann almannavarnanefndar.

2.-3. Erindi Páls Brynjarssonar og staðan á Vesturlandi m.t.t. handbókar AST

Páll fer yfir stöðuna og leggur fram minnisblað – niðurstaðan er að það þykir vera nauðsynlegt að vera með starfsmann í nefndinni en ágreiningurinn hefur verið um hvernig eigi að skipta kostnaðnum. Ákveðið að Páll kanni hjá samtökum sveitarfélaga hvernig eigi að framkvæma þetta. Páll nefnir að rétt sé að fá starfslýsingu hjá starfsmanni nefndarinnar. Víðir mun skoða þetta.

Gunnar nefnir að þörfin sé klárlega til staðar og það þurfi að leysa þetta og taka ákvörðun. Jón S. nefnir að rými AST uppfylli ekki kröfur sem gerðar eru í handbók fyrir AST. Bjarki telur rétt að funda sem fyrst með almannavarnadeild RSL og fara yfir leiðir til þess að koma þessu í gott horf. Jón S. leggur til að einhverjum verði falið að skilgreina það sem þarf að gera og kostnaðargreina verkefnið. Steinar nefnir að einnig nauðsynlegt sé að leysa húsnæðisvanda aðgerðarstjórnar.

Einar nefnir að það þurfi að taka þessa umræðu dýpra heldur en verið er að gera. Stundum sé ekki gott að vera stýringu aðgerða langt frá vettvangi. Fundarmenn sammála um að skoða þetta og fyrirkomulag. Nefnt að vera með fleiri en einn möguleika á aðstöðu fyrir AST en þá er mönnun kannski orðin erfiðari.

Ákveðið var að skoða þessi málefni á vinnufundi með Víði þann 14. apríl nk. Niðurstaða þess fundar verður síðan kynnt nefndinni.

4. Viðbragðsáætlun vegna Breiðafjarðar.

Jón S. fer yfir það að búið er að gera viðbragðsáætlun og senda út á nefndarmenn. Jón S. kallar eftir því hvort einhverjar athugasemdir séu gerðar við áætlunina sem send var út – engar athugasemdir gerðar. Jón nefnir að vinnan hafi gengið vel. Víðir tekur undir það og nefnir að almannavarnadeildin sé að ýta á Vegagerðina að vinna að úrbótum. (Ágreiningur um hver beri ábyrgðina, verið að skoða með lögfræðingum)

Fundi slitið kl. 12:00.

Minnispunkta/fundargerð ritaði Emil Sigurðsson, aðstoðarsaksóknari.